

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚLÍ 2010

7. tbl. 17. árg.

## Hreinsuðu tjörnina við Seljahlíð



Nokkrir félaganna fylla hjólbörur við hreinsun tjarnarinnar við Seljahlíð. Bjarni Fritzson er lengst til vinstri.

Hópur sem nefnir sig syni Breiðholts tóku sig til og hreinsuðu hluta tjarnarinnar við Seljahlíð á síðasta sunnudegi í júní. Hreinsunarverkið var framhald af skýrslu sem þessi sami hópur vann á liðnu vori um ástand ýmissa mála í Breiðholti bæði

er varðar umhverfi og mannlíf og fjallað var um í síðasta tölublaði Breiðholtsblaðsins.

Félagarnir fegnu fólk til liðs við sig við hreinsunarstörfum og tóku á milli 40 og 50 manns einhvern þátt í verkinu. Auk tjarnarhreinsunarinnar máluðu strákar

merkingar á körfuboltavellinum við Seljaskóla og merktu hann upp á nýtt en merkingunum hafði ekki verið viðhaldið í langan tíma. Bjarni Fritzson, einn sona Breiðholtsins segir að hópurinn muni ef til vill gera meira í Breiðholti síðar í sumar eða í haust. "Við ætl-

un að sjá hvað borgin lætur gera en ef ekkert verður að gert til að sinna þeim mjög svo aðkallandi verkefnum sem bíða geti allt eins verið að tekin verði rispa í lok sumars. "Það verður alla vega að ljúka við að hreinsa tjörnina." Bjarni segir hópinn komin með ýmsar hugmyndir um hvað hann vilji gera. "Það eru svo mörg smáatriði sem þarf að laga. Til dæmis körfuboltavellina, setja þar upp net og fleira. Þetta er reyndar enn á byrjunarstigi hjá okkur en allar hugmyndir okkar miða að sama markinu að laga umhverfið og vekja fólk til vitundar um hvað er að gerast í Breiðholti – hversu lítið viðhald hefur verið á ýmsum mannvirkjum þar. Við þurfum líka að vekja bæði fólk og forráðamenn um aðstæður ÍR en það er eina stóra íþróttafélagið sem ekki hefur sitt eigið íþróttahús," segir Bjarni en nánar er rætt við hann á bls. 4 til 5.

Lyfjaval

APÓTEK  
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK  
HÆÐASMÁRA 4  
opið 10-23 alla daga



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Slökkvitækjaþjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

LYFJAVER

LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18 + Laugardaga 10-14  
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

Apótekið í Hólagarði er opið:  
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

Apótekið  
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

Útsala á korngrísakjöti  
frá Laxárdal

Eina kjötbordíð  
í Breiðholti



Samlokuostur  
20% afsláttur



KEA  
skyrdrykkur  
kr. 125.-



Sýrður rjómi  
m/ hvítlauk - graslauk  
kr. 196.-

Heitur matur í hádeginu  
alla virka daga



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

gæði  
úrval  
þjónusta

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.  
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík  
Sími: 511 1188 • 561 1594  
Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thord49@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

7. tbl. 17. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## 111 Reykjavík

**M**eð stofnun stýrihóps Reykjavíkurborgar í málefnum Efra Breiðholts eða 111 Reykjavík er brotið blað í sögu þessa borgarhluta. Stýrihópnum er m.a. ætlað að huga að skipulagsmálum og umhverfi en einnig að fjalla um hverfisbrag og ímynd borgarhlutans og vinna að úrbótum þar sem þess gerist þörf.

Ýmsar aðstæður sem sköpuðust í 111 Reykjavík eiga sér upptök í fyrri tíma borgarfræðum og því sem í dag getur vart talist annað en stórkostleg mistök í borgarskipulagi. Að byggja yfir fólk á einum stað á útjaðri borgar til að útrýma óíbúðarhæfu húsnæði og veita skjól fólki sem ekki hefur tök á að festa sér húsnæði af eigin rammleik eru aflögð vísindi. Einnig má deila um þær hugmyndir og aðferðir sem hönnuðir þessa hverfis beittu og eru vart skiljanlegar í dag hafi þær nokkru sinni verið það.

Af þessum sökum hefur 111 Reykjavík lengi verið hálfgerð vandræðabarn í borgarmyndinni. Tilurð hverfisins og sú saga sem fljótt var til á meðal fólks náðu að skapa þessu borgarhverfi neikvæða ímynd sem loðað hefur við byggðina síðan að miklu leyti að ósekju. Við það bætist að borgaryfirvöld hafa í gegnum tíðina - frá því þetta hverfi reis af grunni og raunar Breiðholtið allt verið áhugalaus um framgang þessa fjölmennasta borgarhluta þótt einstakir borgarfulltrúar hafi sýnt hverfinu áhuga og velvild í gegnum árin.

Nú er komin á legg kynslóð sem er uppalin í Breiðholti. Fólk sem vill láta til sín taka í þágu þessarar byggðar. Má þar nefna Jón Gnarr, borgarstjóra, Elsa Yeoman, borgarfulltrúa og formann fyrrgreinds stýrihóps og Gísla Marteinn Baldursson, borgarfulltrúa sem einnig á sæti í stýrihópnum. Mörgu öðru fólki er nóg boðið um áhuga- og afskiptaleyfi borgaryfirvalda af Breiðholtinu. Má þar benda á hóp íþróttamanna undir forystu Bjarna Fritzsonar sem hafa tekið sig til og tekið saman yfirlit um ýmislegt sem betur má fara og lítið þarf að hafa fyrir að laga. Til að leggja áherslu á hugmyndir sínar hafa þeir einnig tekið til hendi eins og sjá má í frétt á forsíðu blaðsins.

Binda verður miklar vonir við þá hreyfingu sem nú er komin af stað í málefnum 111 Reykjavík og raunar alls Breiðholtsins. Íbúar hverfisins þurfa einnig að fylgjast með þessum málum og veita velviljuðum borgaryfirvöldum hvatningu og aðhald. Hvorki 111 Reykjavík né Breiðholtið sem heild á skilið það orðspor sem legið hefur árum saman í lofti né þá ímynd sem gjarnan hefur verið dregin upp af þessu umhverfi. Nú er tími til að breyta og bæta.



Nokkrir fundarmenn stilltu sér upp til myndatöku fyrir utan Þjónustumiðstöðina eftir góðan fund með borgarstjóra. Frá vinstri: Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Fellaskóla, Hólmfriður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri Hólabrekkuskóla, Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Jón Gnarr, borgarstjóri, Elsa Yeoman, borgarfulltrúi og varaformaður hverfisráðs Breiðholts, M. Elfa Hjálmarsson, innheimtufulltrúi hjá ÍR, Helga Sigurjónsdóttir, þjónustustjóri á Þjónustumiðstöð Breiðholts, Heiða Kristín Helgadóttir, aðstoðarmaður borgarstjóra, Ragnhildur B. Guðjónsdóttir, hverfisráði Breiðholts, Anna Sif Jónsdóttir frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt og Lárus Rögnvaldur Haraldsson, formaður hverfisráðs Breiðholts.

## Borgarstjóri heimsótti Þjónustumiðstöð Breiðholts

**Jón Gnarr, borgarstjóri, heimsótti Þjónustumiðstöð Breiðholts föstudaginn 2. júlí síðastliðinn og átti þar gott spjall við starfsfólk um starfsemina og margt fleira í Breiðholti.**

Fulltrúar helstu samstarfsaðila tóku einnig virkan þátt í fundinum, en þeir komu frá leikskólum hverfisins, grunnskólum, Frístundamiðstöðinni Miðbergi,

hverfisráði, íbúasamtökum í Breiðholti og íþróttafélögum. Rætt var um samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar og lýstu fundarmenn ánægju sinni með margt sem þar er að finna og komu jafnframt með ýmsar ábendingar.

Umræðan snérist meðal annars um auknið sjálfstæði hverfanna, eflingu hverfaráða og þjónustu-

miðstöðva, hverfatengda þjónustu, fjölskyldustefnu, aðgerðir til að vinna gegn áhugaleyfi stráka í skólum, átakið 111 Reykjavík, barnaverndarstarf, samstarf kynslóðanna, íþróttaaðstöðu í hverfinu og ungmennahús í Breiðholti. Góður andi var á fundinum og fór þar fram gefandi samræða um margt sem brann á fundarmönnum.

## Stýrihópur myndaður um 111

**Borgaryfirvöld hafa skipað sérstakan stýrihóp um málefni Efra Breiðholtsins eða 111 eins og hverfið er gjarnan kallað eftir póstnúmeri þess. Stýrihópnum er ætlað að fara yfir skipulag umhverfis og félagslega stöðu í hverfinu. Hópurinn á að gera áætlanir um úrbætur þar sem þess verður talið þörf auk þess sem vinna á eftir skýrri verk- og tímaáætlun og leggja til tafarlaugar úrbætur innan þriggja mánaða.**

Stýrihópnum er ætlað að

skoða ýmsa þætti umhverfis og mannlífs í 111 Reykjavík. Þar á meðal skipulag hverfisins og hverfisbrag þess eða þá ímynd sem skapast hefur af hverfinu. Þá er ætlunin að beina sérstaklega sjónum að menningar- íþrótt- og félagsstarfi auk þess að skoða þjónustukjarna og hugsanlega nýtingu þeirra í þágu íbúanna. Einnig á að huga að útivistarsvæðum á borð við leikvelli, göngustíga og strætisvagnaskýli. Í stýrihópnum eiga sæti; Elsa Yeoman, sem er for-

maður, Hjálmar Sveinsson, Páll Hjaltason, Gísli Marteinn Baldursson og Birna Magnúsdóttir. Stýrihópnum er ætlað að vinna náið með skipulags- og byggingarsviði og skipulagsráði auk þess sem leita á til ýmissa ráðgjafa. Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri, Helgi Eiríksson, forstöðumaður Miðbergs og Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts munu einnig starfa með hópnum.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir

### ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is  
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt  
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur  
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



### ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is  
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt  
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

# HYSIR.IS

# Landsvirkjun


## hefur opið umhverfis landið



Landsvirkjun býður alla velkomna í stöðvar sínar í sumar. Í stöðvum Landsvirkjunar umhverfis landið má kynna sér orkuvinnslu úr vatnsafli og jarðvarma.



Samhliða orkufræðslu er boðið upp á sýningar af ýmsum toga, meðal annars í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Hönnunarmiðstöð Íslands.



**Komdu í heimsókn í sumar**  
**Við tökum vel á móti þér**

Opið alla eftirmiðdaga í sumar. Aðgangur ókeypis.

### Verið velkomin til okkar í sumar:

**Blanda** í Húnavatnssýslu: *Dimmir hratt á draugaslóð* – málverkasýning Baska

**Búrfell** í Þjórsárdal: *Gengið að verki* – ljósmyndasýning Jakobs Jakobssonar

*Andlit Þjórsdæla* – líf í Þjórsárdal í 1100 ár

*Þjóðveldisbærinn* – Lífandi vitni um húsakynni á þjóðveldisöld

**Krafla** í Mývatnssveit: *Kröflueldar* – kvikmynd og fræðsla um orku í iðrum jarðar

**Laxá** í Aðaldal: *Hvað er með Ásum?* – goðafræði og höggmyndir Hallsteins Sigurðssonar

**Ljósifoss** við Sog: *Náttúran í hönnun* – samstarfsverkefni með Hönnunarmiðstöð Íslands

**Végarður** í Fljótsdal: Framkvæmdin við Kárahnjúka í máli og myndum. Ferðir inn í Fljótsdalsstöð

**Allar stöðvar:** *Raunveruleikatékk* – hringferð um landið í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

Nánari upplýsingar á [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is)



# VIÐTALIÐ

# Okkur þykir vænt um hverfið okkar

**Bjarni Fritzson hefur verið nokkuð í sviðsljósinu að undanförunu. Hann og nokkrir félagar hans afhentu borgaryfirvöldum skýrslu á dögnum þar sem bent er á eitt og annað sem þeir telja að betur megi fara í Breiðholti og benda á leiðir til úrbóta. Þeir hafa einnig tekið hendi til við hreinsunarstörf eins og sjá má af forsíðufrétt Breiðholtsblaðsins.**

Framtak Bjarna og féлага kemur fram á sama tíma og nýkjörin borgaryfirvöld hafa ákveðið að Breiðholtið verði fyrst borgarhverfa í Reykjavík þar sem hugað verði að bættu umhverfi og mannlífsumgjörð. Þetta ætti því að styðja hvert annað þar sem hugmyndir Bjarna og féлага og borgaryfirvalda liggja um margt saman. Breiðholtsblaðið ræddi við Bjarna á dögnum.

“Ég er ekki alveg innfæddur Breiðhyllingur en næstum því. Foreldrar mínir bjuggu fyrstu árin í Engjahjallanum í Kópavogi og ég er skýrður í þeim ágæta bæ en svo lá leiðin yfir í Breiðholtið – í Mýrarselið þar sem þau byggðu sér hús. Þetta var svona öðruvísi í þá daga. Þau byggðu húsið sjálf og við fluttum fyrst í bílskúrinn á meðan var verið að klára sjálft húsið. Ég gekk í Seljaskóla og það sem gefur okkur skýrsluhöfundunum sérstöðu er að við fylgdumst allir vel með þegar hverfið var að byggjast upp. Við vitum því alveg hversu gott þetta hverfi var orðið um 1995 þegar uppbyggingu Breiðholtsins var að fullu lokið. En við munum líka eftir mistökunum sem gerð hafa verið. Hvernig borgaryfirvöld litu stöðugt fram hjá Breiðholtiinu. Eins og þar þyrfti ekkert að gera eftir að byggingunni var lokið. Ekkert viðhald þyrfti að fara fram eða að hugað væri að mannlífsumgjörðinni þar. Breiðholtið var bara útundan í borgarkerfinu. Ég veit ekki af hverju þetta stafaði,” heldur Bjarni áfram. “Mér er næst að halda að við Breiðhyllingar höfum ekki átt fullrúa í klíkunni. Að Breiðholtið hafi ekki átt sér nægilega öflug málssvara á meðal borgaryfirvalda í gegn-

um tíðina. Það var ekki fyrr en að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson varð borgarstjóri að farið varð hugað að Breiðholti enda hefur hann búið lengi í hverfinu. En hann var bara of stutt. Þetta þýðir þó að ekkert hafi verið gert. Benda má á Leiknisvöllinn sem góðan hlut. Borgaryfirvöld eiga hrós skilið fyrir að hafa komið honum upp. En annað hefur ekki komist á dagskrá eða verið látið drabbast. Og þá er mér efst í huga íþróttahúsléysi ÍR sem er eitt af elstu íþróttafélögnum í Reykjavík. Vegna þessa aðstöðuleysis er starfsemi ÍR dreift á marga staði. Við ÍR-ingar höfum aðgang að Austurbergi en bara sem leigjendur og þurfum að lúta afgangstíma þar. A meðan aðrir geta æft átta til níu sinnum í viku við topp aðstæður getum við bara æft fimm sinnum því við höfum bara aðgang að íþróttahúsinu á kvöldin. Eg get bent á aðstöðu annarra féлага til samanburðar. Valur fékk glæsilegt húsnæði og KR hefur tvisvar fengið húsnæði. Og fleiri félög búa mun betur en ÍR sem enn er húsnæðislaust. Bygging íþróttahúss í Mjóddinni hefur verið á dagskrá en alltaf slegið á frest. Nú út af keppunni að sagt er. ÍR er með flestar deildir og iðkendur innan sinna raða svo spyrja verður hvers það á að gjalda. Kannski af því það er í Breiðholti. Það verður aldrei nægilega heilsteypt mynd af félagsstarfi ef starfsemi er dreifð út um allt. Þetta er auðvitað alveg fáránlegt. Að fjölmennasta íþróttafélagið í Reykjavík skuli ekki fá íþróttahús á sama tíma og Golfklúbbur Reykjavíkur átti að fá 250 milljónir fyrir níu hólum golfvöll. Í vor átti að veita þeim 117 milljónir en var hætt við. Greinilegt er að einhverjir þar á bæ hafa haft sterkari tengsl við borgaryfirvöld en ÍR-ingar og Breiðholtsbúar. Auðvitað gengur mismunur af þessu tagi ekki.”

## Bullaði bara og þeir leiðréttu mig

Bjarni hleypti heimdraganum þegar hann var 24 ára og hélt til Frakklands til þess að spila handbolta. Hann bjó fyrst í úthverfi Parísar en síðar í Suður Frakklandi skammt frá Nice. “Já – ég



Bjarni Fritzson í pásu frá dagsins önn á kaffihúsinu Amokka.

**Bygging íþróttahúss í Mjóddinni hefur verið á dagskrá en alltaf slegið á frest. Nú út af keppunni að sagt er. ÍR er með flestar deildir og iðkendur innan sinna raða svo spyrja verður hvers það á að gjalda.**

var orðinn nokkuð góður í frönskunni þegar ég kom heim miðað við að ég kunnist ekki orð eða staf þegar ég fór utan. Ég var algerlega mállaus fyrsta hálfu árið en svo fór þetta smám saman að koma. Þetta var svolítið erfitt. Að

geta ekki talað vegna þess að ég hef alltaf verið þekktur fyrir að hafa skoðanir. Franskan er þannig að hún virkar svolítið ónáttúrlig fyrir okkur að læra. Franska og íslenska eru svo ólíkar og svo er franskt ritmál og talmál ólíkt – ólíkt því sem við eigum að venjast. En ég fékk kennslu og svo lærði ég af félögum mínum. Ég var óragur við að bulla einhverja vitleysu og þeir voru duglegir að leiðrétta mig. Þannig kom þetta. Já – ég hélt áfram í boltanum eftir að þegar heim kom. Spilaði með FH um tíma og var markahæsti leikmaðurinn í deildinni á þessu ári og nú er ég á leið til Akureyrar að spila með þeim í vetur.”

## Kannar áhrif orkudrykkja íþróttamanna

Aðspurður segist Bjarni hlakka til Akureyrardvalarinnar. “Nei – það er enginn kvíði í mér að fara norður heldur þvert á móti. Þetta hentar mér ágætlega. Ég verð bæði að spila og einnig að ljúk

síðara árinu í mastersnámi í sálfræði. Þetta verður mikil vinna í vetur og það hentar mér því vel að komast í einfaldara líf. Konan mín verður líka við nám – við Háskólann á Akureyri. Samfélagið á höfuðborgarsvæðinu bíður upp á mun meiri trufun en fyrir norðan. Þar eru engar vegalengdir svo fer lítil tími í skutl. Ég held að þetta muni henta okkur ágætlega.” Bjarni valdi sér nokkuð sér-takt viðfangsefni til rannsókna í sálfræðináminu og að sjálfssögðu tengt áhugamáli hans og starfi – íþróttunum. “Ég ætla að kanna áhrif orkudrykkja á frammistöðu íþróttamanna út frá sjálfstrausti þeirra. Hvort orkudrykkir kunnir að vera notaðir til þess að byggja upp aukið sjálfstraust. Hvort íþróttamenn sem finnst þeir skorta sjálfstraust noti þessa drykki meira en aðrir. Ég er búinn að vera lengi í íþróttum og mér finnst ég hafa ákveðna tilfinningu fyrir þessu. Tilfinningu fyrir því að fólk noti drykkina til að fá í sig kraft sem búi í þeim. En notkun þeirra hefur tvær hliðar vegna þess að hún getur haft áhrif á heilsu fólks. Orkudrykkir auka hjartslátt og við höfum verið að sjá unga íþróttamenn lenda í hjartastoppi. Notkun orkudrykkja hefur ekki áður verið rannsökuð með þessum hætti og ég er spenntur að sjá hver útkoman verður. En ég er rétt að byrja á rannsókninni þannig að ég kann engin áreiðanleg svör við þessu enn þá.”

## Mörg mistök voru gerð

En aftur að Breiðholti, uppveitinum og uppbyggingunni þar. “Já – Seljahverfið var eiginlega hálfbyggt þegar við fluttum þangað. Þetta var því ákaflega spennandi svæði fyrir unga krakka. Þarna voru móar út um allt. Einkum á því svæði þar sem Kópavogur byggðist síðar. Við brölluðum ýmislegt. Við byggðum hjólabrettapalla og hjólabrautir. Þetta var einn risa ævintýrastaður þar sem hver dagur var öðrum skemmtilegri. Svo breyttist þetta. Svæðið sem var svo hrátt í byrjun varð grónara eftir því sem manns höndin kom meira við sögu. Þótt að gróðurinn ykist þá er ég sannfærður um að ýmsar misvittrar ákvarðanir voru teknar. Ein þeirra var að þjappa niður mónum fyrir utan hjá okkur og gera þar malarvöll sem ekki var einu sinni með mörkum. Þar var bara ekkert. Þetta er svona dæmi um hvernig staðið var að málum hér. Það voru gerð mörg mistök vegna þess að ég held að borgarfulltrúar hafi ekki verið í neinum tengslum við Breiðholtið. Það var byggt og búið og kröftunum var bara beint



Barni tekur til hendinni við að þrifa tjörnina við Seljahlíð ásamt ungru konu úr Breiðholti.



**ER LÍFIÐ ERFITT?  
HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS  
ER OPINN 1717**

**Mjóddin var styrkt á kostnað hverfisbúðanna. Spurning er hvort hægt sé að fara eitthvað af þessari þjónustu aftur inn í hverfin. Málið snýst ekki síst um að fólk geti gengið að þjónustunni í stað þess að allt snúist um að fara akandi í bílum.**

Í aðrar áttir. Kannski átti það orðfar sem spannst um Breiðholtið einhvern þátt í þessu áhugaleysi. Breiðholtið naut ekki álits til jafns við önnur borgarhverfi. Þetta var bara ghetto í augum svo margra.

### Vantar nær alla þjónustu

“Þetta var raunverulega kveikjan að gerð skýrslunnar okkar – umfjöllun um stöðu fjögurra hverfa í máli og myndum. Við vildum sýna borgarfulltrúum hvað væri í gangi í þessu stóra byggðarlagi. Við vildum sýna hvað skorti og að fólkíð fylgdist vel með. Að það kallaði á úrbætur.” Bjarni segir sorglegt að þetta stóra borgarhverfi hafi gleymst með þeim hætti sem orðið er. “Viðhaldsdæmið hefur algerlega gleymst og mikilvægi þess að hugsa vel um hlutina og hlú að byggðinni og mannlífinu sem þar þrífst og þróast. Það er alltaf verið að hugsa um eitthvað stórt sem svo dagar uppi en þetta smáa sem er alveg jafn nauðsynlegt gleymist. Það vantar líka nær alla þjónustu í hverfin. Í um 22 þúsund manna byggð. Krakkarnir eiga að geta farið út á leikvöll eða út í ísbúð án þess það þurfi að keyra þau í bíl. Það er engin ísbúð í Breiðholtinu nema það mun vera hægt að kaupa ís í búð í Jafnaseli sem er í útjaðri byggðarinnar. Ekkert kaffihús er í hverfinu fyrir utan konditoríð í Mjóddinni en nú mun vera að koma Kaffihús í Garðheima. En þau eru bæði í Mjóddinni og ekki í göngufæri frá íbúunum. Einn hverfispubb er í Breiðholti. Í Hólagarði og svona mætti áfram telja.” Bjarni segir að við hönnun Breiðholtsins hafi verið gert ráð fyrir þjónustukjörnum inn í hverfunum. Nú standa þeir að mestu auðir. Reksturinn hafi ekki borið sig. Af hverju megi spyrja. “Mín skoðun er sú að gerð hafi verið mistök þegar megináherslan var lögð á Mjóddina sem miðbæjarkjarna í stað þeirra þjónustukjarna sem gert var ráð fyrir í skipulaginu. Mjóddin var styrkt á kostnað hverfisbúðanna. Spurning er hvort hægt sé að fara eitthvað af þessari þjónustu aftur inn í hverfin. Málið snýst ekki síst um að fólk geti gengið að þjónustunni í stað þess að allt snúist um að fara akandi í bílum. Ég kynntist þessu í Frakklandi hvernig er að hafa góða lánmarksþjónustu við höndina. Ég bjó til að byrja með í úthverfi Parísar. Þótt um úthverfi væri að ræða var margvíslega þjónusta að finna. Það var hægt að fara í göngutúra með krakkana og flest sem mann vanhagaði um var í nágrenninu. Breiðholtið býður upp á sambærilegar aðstæður en afskiptaleysi borgaryfirvalda hefur valdið því að ekkert hefur gerst. Og ég held að þetta afskiptaleysi og raunar menningarleysi sem hefur skapast af sóðaskap, viðhaldsleysi og því að þjónustan hefur horfið úr hverfunum viðhaldi ghetto stimplinum nokkuð. Það á alla vega sinn þátt í að hann ætlar ekki að hverfa. Borgin á ekki og má ekki ganga á undan að viðhalda slíku orðspori.”



Auk tjarnarhreinsunarinnar máluðu strákarnir merkingar á körfuboltavellinum við Seljaskóla og merktu hann upp á nýtt.

### Væntumþykja um gamla hverfið

Bjarni segir að síðasta kjörtímabil hafi ekki verið eins og þau eiga að vera. “Reykvíkingar voru búnir

að hafa fjóra borgarstjóra á fjórum árum. Slíkt gengur ekki því hvað liggur eftir menn sem ekki fá meiri starfsfrið. Þegar svo ört er skipt um þá breytast áherslur líka í hvert skipti og farið er að

endurvinnna það sem búið var að vinna. Þannig glatast ýmis vinna borgarstarfsmanna því verið er að vinna sömu hlutina upp aftur og aftur og auðvitað kostar það nokkuð. Nýja borgarstjórnin fær því kærkomið tækifæri að takast á við í Breiðholtinu. Og hún er þegar farin að sýna lit. Nú verðum við að bíða eftir því hvað gerist. Hvaða hugmyndir verða til og hvernig verður brugðist við þeim. Eins og við félagarnir höfum bent á í skýrslunni þá þurfa ýmsar bráðnauðsynlegar aðgerðir ekki að kosta svo mikla fjármuni. Heldur áhuga og kraft til að hrinda aðgerðunum í framkvæmd. Svo getum við borið saman. Að þessu

leyti er skýrslan mjög öflug. Mér finnst líka nauðsynlegt að byrja í Fellunum eins og borgaryfirvöld bjóða. Fellin voru sett vitlaust upp í byrjun. Hugsunin að baki þeirra var röng. Við vorum rosalega þreytt á orðsporinu sem fór af þeim. Og í dag er margt fólk á mínum aldri sem ólst upp í Breiðholtinu svo sterkir Breiðhyltingar sér að því misbýður sá stimpill sem settur hefur verið á Fellin og raunar allt Breiðholtið. Þessu fólk þykir vænt um gamla hverfið sitt það er stolt af því að vera Breiðhyltingar og er tilbúið að berjast fyrir bættri ímynd bernskuheimkynnanna.”

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

**TIL SJÁVAR OG SVEITA**

**ÞAÐ BESTA ÚR SVEITINNI BEINT Á GRILLIÐ**  
– og alltaf sama góða verðið

Til Sjávar og Sveita hefur opnað fisk- og kjötverslun í glæsilegu húsnæði við Verslunarkjarnann Ögurhvarfi 2. „Andlit“ okkar snýr að Vatnsendahvarfi. Við teljum að það hljóti að vera grundvöllur fyrir góðri hverfis-verslun upp á gamla mátann. Ástæðan fyrir nafninu er metnaður okkar til að bjóða aðeins það besta í fiski og kjöti, ásamt því að hafa flest sem til þarf í góða matreiðslu.

Nýbakað brauð er í boði daglega, svo sem snittubrauð, hvítlauchsbrauð og fleira. Fjölbreyttur salatbar er til staðar, þar sem við kappkostum að hafa aðeins það besta í boði. Í hádegi alla virka daga bjóðum við heimilismat af bestu gerð á finu verði, sem hægt er að borða á Loftinu okkar eða taka með heim. Sjón er sögu ríkari.

**TIL SJÁVAR OG SVEITA**  
VIÐ VERSLUNARKJARNANN ÖGURHVARFI 2, KÓPAVOGI

Opnunartímar. Mánudaga – Föstudaga: 11:00 – 19:00. Laugardaga: 11:00 – 18:00.

# Upplýsingaskilti fyrir ferðamenn sem aðra

Upplýsingaskiltum hefur verið komið fyrir við útsýnistaði í Breiðholtinu. Þessum skiltum er einkum ætlað að þjóna erlendum ferðamönnum sem kaupa skoðunarferðir um borgina og eru einnig til upplýsingar fyrir heimamenn og aðra sem leggja leið sína um þennan borgarhluta.

Í frétt frá Þjónustumiðstöð Breiðholts kemur m.a. fram að Breiðholtíð sé ákjósanlegur útsýnisstaður og að mikil aukning hafi verið á ferðum um hverfið að undanförunu. Bent er á að upplýsingaskiltin við Suðurfell/Select og við Höfðabakka, neðan við Hólhverfið séu sjálf-sagðir áningarstaðir. Útsýni einstaklega fallett, gróðurfar og almenn umgengi til fyrirmyndar auk þess sem borgaryfirvöld



Ferðamenn á einum af útsýnisstöðunum í Breiðholtinu.

hafi komið fyrir sumarblómum og öðrum skrautgróðri sem falli vel að umhverfinu. Þá má benda á að góðar gönguleiðir, hjólreiðastígar og bekkir eru víða um hverfið og ættu allflestir því að geta notið útivistar í nærumhverfinu.

# Útivistardagar í Fellaskóla



Frá útivistardögum í Fellaskóla.

Síðustu skóladagarnir í Fellaskóla eru kallaðir útivistardagar því þá fara kennarar og starfsfólk með nemendum skólans í óhefðbundna kennslu. Má þar nefna sundmót, ferðalög, göngutúra, stöðvakeppni o.fl.

Útivistardagarnir í ár voru 7. til 9. júní og lauk þeim með því

að foreldrafélagið hélt glæsilega pilsuveislu þar sem allir hittust og áttu saman ánægjulega stund áður en sumarfríð hófst. Í ár voru Fellaskælingar einstaklega heppnir með veður og er óhætt að segja að allir hafi skemmt vel og notið þess að vera saman.



Unga fólkíð gæðir sér á pönnukökum þeirra Þorbjargar Kjartansdóttur, Öllu Ásdísar Alexandersdóttur, Sigursteinu Jónsdóttir og Margrétar Eyjólfssdóttur.

# Kraftur í "kynslóðunum saman"

Vinnuskóli Reykjavíkur og frístunda- og félagsstarf eldri borgara í Gerðubergi hafa í sumar unnið að þróunarverkefni undir nafninu „kynslóðir starfa saman í Breiðholtí.“ Verkefnið er liður í því að brúa bilið milli kynslóða í hverfinu og hefur það að markmiði að nemendur læri af eldri borgurum og öfugt. Breiðholtíð hefur alltaf verið leiðandi í öfluglu hverfastarfi með mikilli áherslu á samskipti kynslóða. Þetta verkefni er því fin viðbót við það góða starf sem fram hefur farið í hverfinu.

Nemendur Vinnuskólans hafa tekið þátt í starfi eldri borgara á hinum ýmsum sviðum. Sérstakur kynslóðadagur var haldinn þriðjudaginn 22. júní þar sem báðir hópar eyddu deginum saman við leik og störf. Þann dag var meðal annars spilað á spil, sungið og dansað og farið í gönguferð um hverfið. Auk þess var boðið uppá hressingu. Miðvikudaginn 30. júní var svo boðið til allsherjar pönnukökueislu auk þess sem boðið var uppá kakó í Gerðubergi. Harmonikkuleikari mætti til að leika nokkur lög og góð kaffihúsastemning var meðal beggja kynslóða þar sem krakkarnir spiluðu og eldri borgarar spjölluðu.



Guðrún Jónsdóttir, umsjónarmaður félagsstarfs í Gerðubergi, tók til máls og þakkaði fyrir samstarfið við Vinnuskólann og vonaðist til þess að áframhald yrði á næsta sumar. Hinar ljúffengu pönnukökur sem bornar voru fram bökðu: Þorbjörg Kjartansdóttir, Alla Ásdís Alexandersdóttir, Sigursteina Jónsdóttir og Margrét Eyjólfssdóttir. Góður rómur var gerður af báðum þessum dögum bæði meðal eldri borgara sem og nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur. En fyrir utan þessa tvo skipulögðu

daga þá höfðu nemendur aðsetur í Gerðubergi fram að sumarlokun 1. júlí. Þannig gæddu þeir staðinn miklu lífi og fengu mikið hrós fyrir almenna kurteisni og góða umgengi.

Það er vilji beggja aðila að samstarfið verði tekið upp að nýju næsta sumar og þróað áfram. Það eru miklir möguleikar í þessu samstarfi og ljóst að kynslóðir geta og vilja starfa saman í hverfinu öllum til aukins þroska og ánægju.

# Breiðholtsdagarnir verða í nóvember

Breiðholtadagar verða á sínum stað á komandi hausti en á öðrum tíma en á undanförunum árum. Ákveðið hefur verið að efna til Breiðholtsdaganna vikuna 15. til 20. nóvember. Þegar er farið að huga að undirbúningi Breiðholtsdagana og lýsir Þjónustumiðstöð Breiðholts eftir hugmyndum um viðburði sem unnt væri að undirbúa og koma á.

Á undanförunum árum hefur margt verið gert á Breiðholtsdögum ungum sem öldnum til ánægju. Sérstök ástæða er til þess að minnast áhuga nýrra borgaryfirvalda á Breiðholtinu



Myndin var tekin í Mjóddinni á Breiðholtsdögum 2009.

og frekari uppbyggingu þar. Þótt margt áhugvert hafi verið gert þar á undanförunum árum bæði af hálfu borgarinnar og einnig vegna sjálfsprottinna verkefni má alltaf betra og bæta og er

því skorað á Breiðholtsbúa að leggja Breiðholtsdögum 2010 lið með því að leggja hugmyndir fram um hvað breytt gæti og bætt þessa grónu vetrarhátíð í Breiðholtinu.



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson

## Þegar andlát ber að

Síðastliðin 20 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími:

511 1188 &

895 8298

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á  
[facebook.com/lotto.is](https://www.facebook.com/lotto.is)



# 35 ÍSKALDAR KÚLUR!

Fimmfaldur Lottópottur stefnir í 35 milljónir.  
Leyfðu þér smá Lottó!





Orri Páll býr sig undir að draga Grænfánann að hún.

## Völvuborg fær Grænfánann

Fyrsta Grænfánahátíð leikskólans Völvuborgar varð að veruleika á dögum þegar Orri Páll Jóhannsson, verkefnisstjóri hjá Landvernd dró Grænfánann að hún með hjálp skólahópsins og afhenti leikskólastjóranum Halldóru Gunnlaugsdóttur skjal því til staðfestingar að þau séu nú fullgildur skóli á grænni grein.

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö. Þegar því marki er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö ár en sú viðurkenning fæst endurnýjuð ef

skólarnir halda áfram góðu starfi. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin eru bæði til kennslu í bekk og til að bæta daglegan rekstur skóla. Þau auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri.

## Öll börn fædd 2008 hafa fengið leikskólapláss

Öll börn í Reykjavík sem fæddust árið 2008 hafa nú þegar fengið boð um pláss á leikskóla, samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg.

Það var stefna borgaryfirvalda í Reykjavík að öll börn 18

mánaða og eldri ættu kost á leikskóladvöl. En samkvæmt nýjum reglum sem tóku gildi í vetur er það orðað þannig að miðað sé við að börn geti hafið leikskóladvöl árið sem þau verða tveggja ára.

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)

## Fengu verðlaun fyrir skólapeysur og skák

Hólabrekkuskóli fékk tvær tilnefningar til hinna árlegu Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2010 - landssamtaka foreldra sem veitt voru í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu 1. júní sl.

Skólinn hlaut tilnefningarnar fyrir verkefni; skólapeysur fyrir alla nemendur Hólabrekkuskóla og metnaðarfull skólaskák fyrir nemendur Hólabrekkuskóla. Skólaráð skólans tilnefndi þær Önnu Dagbjörtu Andrésdóttur, Karen Ósk Ólafsdóttur og Sonju Láru Axelsdóttur nemendur í 9. bekk fyrir skólapeysurnar og Birnu Halldórsdóttur skólaliða fyrir skákina. Alls bárust 38 tilnefningar til Foreldraverðlaunanna.



Frá verðlaunaafhendingunni. Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólustjóri er lengst til vinstri, þá verðlaunahafarnir fyrir skólapeysurnar og Birna Halldórsdóttir til hægri.

## Vinnuskólinn með Grænfánann í annað sinn

Vinnuskóli Reykjavíkur fékk á dögum afhentan Grænfánann. Það er í annað sinn sem skólinn hlýtur þessa viðurkenningu og drógu fulltrúar nemenda fánann að hún við hátíðlega athöfn við Elliðavatsbústaðinn í Heiðmörk í tilfni afhendingarinnar.

Vinnuskóli Reykjavíkur er enn um sinn eini vinnuskólinn sem tekur þátt í verkefninu skólar og grænni grein og mikil vinna hefur verið lögð í að aðlaga verkefnið að starfsháttum skólans sem hefur verið unnið í samstarfi við Landvernd. Á hverju ári er lagt mat á það hvort skólanum hefur tekist að viðhalda því sem þegar hefur áunnist og hvort starfið hefur verið bætt enn frekar. Vinnuskólinn uppfyllti kröfur verkefnisins nú annað árið í röð og fær því að flagga Grænfánanum.



## Ljósmyndasamkeppni Breiðholts

Eins og undanfarin ár mun Hverfisráð Breiðholts standa fyrir ljósmyndasamkeppni í tengslum við Breiðholtsdaga sem að þessu sinni verða haldnir hátíðlegir dagana 15. til 21. nóvember 2010. Frestur til að skila inn myndum er til 17. október og er þemað í ár Bjart-sýni í Breiðholti.

Hver þátttakandi má senda

inn þrjár myndir sem tengjast þema samkeppninnar en óheimilt er að senda inn eða eigna sér myndefni eftir aðra auk þess sem keppnin er ekki ætluð atvinnuljósmyndurum. Allar myndir sem sendar eru í samkeppnina er Hverfisráði Breiðholts og Þjónustumiðstöð Breiðholts heimilt að birta og nýta án endurgjalds en einnig er áskilinn

réttur til að hafna hvaða mynd sem er. Dómnefnd mun velja þrjár myndir til verðlauna og er niðurstaða dómnefndar endanleg. Að lokum verður sett upp sýning á ljósmyndum í keppninni í göngugötunni í Mjódd og úrslit samkeppninnar verða kynnt á lokahátíð Breiðholtsdaga.

# SMURSTÖÐIN DALVEGI 16a

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðupurrkublöð, ljósaperur ofl.



Shell HELIX



Smurstöðin ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - [www.smurstodin.is](http://www.smurstodin.is)





Flosi Jónsson, gullsmiður og lyftingamaður og Bjarni Hákonarson, veitingamaður á Búálfinum í Hólagarði

## Flosi og Búálfurinn styrkja barn á Indlandi í gegnum ABC

Búálfurinn í Hólagarði í Breiðholti og aðilar honum tengdir standa nú straum af námi stúlkubarns á vegum ABC barnahjálparinnar. Upphaf þess má rekja til þess Flosi Jónsson, gullsmiður og kraftlyftingamaður hóf störf hjá Búálfinum sem barþjónn og dyravörður. Flosi hefur lengi stundað lyftingar – eða verið í þessu lyftingabrótti í áratugi eins og hann kemst að orði í spjalli við Breiðholtsblaðið.

Á síðasta ári fór Flosi á heimstaramót í Las Vegas, nánar tiltekið í nóvember 2009 og varð heimsmeistari í bekkpressu í flokki 90 kíló í aldursflokknum 55 ára og eldri. Á liðnu vori, 16. til 19. júní ákvað Flosi að taka þátt í Evrópumóti sem haldið var á Akureyri þar sem hann bjó um árabíl. Flosi ákvað að halda sér í 90 kílóa flokki sem þýddi að hann þurfti að vera í tæknilegri sköfun í nokkrar vikur eins og það kallast á kraftlyftingamáli. “Mér tókst að létta mig niður fyrir 90 kílóin en reyndi að halda aflinu en það tekst þó ekki alltaf samtímis. Ég ákvað með sjálfum mér að halda mér í þessum flokki og reyna að bæta EM metið í bekkpressu sem var 165 kíló. Mér tókst það því ég lagði hálf kíló við það og lyfti 165.5 kílóum. Þegar ég ákvað að taka þátt í mótinu á Akureyri fór ég að ræða um það við Bjarna Hákonarson, veitingamann á Búálfinum hvort einhver fótur væri fyrir smá styrkveitingu eða áheiti ef ég stæði mig vel á þessu móti – svona til þess að setja smá pressu á karlinn að gera nú sitt besta. Við fórum af stað með þetta og það fór sem fór að ég náði að bæta metið. Í allt söfnuðust 75 þúsund krónur sem við ákváðum að nota til þess að styrkja eina stelpu í skóla

í gegnum Barnahjálpar ABC. Ég er afskaplega ánægður með þetta framtak okkar Bjarna og annarra sem lögðu því lið.” Bjarni Hákonarson segir þetta skemmtilega hugmynd hjá Flosa og aldrei sé að vita nema þeir eigi eftir að gera eitthvað sambærilegt í framtíðinni á meðan Flosi sé svo duglegur að keppa og standi jafn frábærlega undir væntingum.

### Býr hjá ömmu sinni

Stúlkan sem nú nýtur styrks vegna áheitsins á lyftingakraft Flosa Jónssonar heitir Sweety Bantú og er fædd á gamlársgangi 1998. Hún býr hjá ömmu sinni í Dalítarþorpi í moldarkofa með stráþaki án þess að hafa hreinlætisaðstöðu eða rafmagn. Ekki er vitað um foreldra hennar en nú gengur hæun í skóla sem rekinn er af ABC í þorpskirkjunni og fær þar eina máltíð á dag auk ýmissa nauðsynja sem komi fjölskyldunni til hjálpar. Sigurlín segir þessa hjálpar skipta Sweety miklu máli vegna þess að án hennar hefði hún ekki átt kost á skólagöngu. Dalítar eða hinir ósnertanlegu eru 16% af þeim 1.2 billjónum sem búa á Indlandi í dag. Þeir hafa búið við gríðarlega fátækt alla tíð. Hindúismi var lengi hulinn vestrænu samfélagi en þegar Indland varð nýlenda Bretá kom stéttarkerfið í ljós. Samkvæmt Hindúum skapaði Brahma heiminn en Dalítarnir voru ekki hluti af sköpun hans. Hann er því ónæmur fyrir þörfum þeirra og mega þau lifa af ruslinu einu saman. Stéttaskiptingin hefur verið ríkjandi á Indlandi í meira en 3000 ár og setur enn svartan blett á indverskt samfélag. Hinar svokölluðu efri stéttir vilja ekki þurfa að



Sweety Bantu nýtur nú skólagöngu og máltíða fyrir tilstuðlan þeirra Flosa og Bjarna.

líta Dalíta augum né hjálpa þeim á nokkurn hátt. Kúamissir er mikil hjartans mál fyrir alla indverja en andlát Dalíta þykir engu máli skipta. Hefðu Dalítar tilheyrt öðrum kynþætti en aðrar stéttir indverja hefðu þeir frekar fangað athygli umheimsins, en þar sem allir indverjar eru af sama kynþætti tekst þeim það síður. Um 12 þúsund börn eru nú í skólum og barnaheimilum ABC barnahjálpar í hinum ýmsu löndum og kostar það yfir 27 milljónir á mánuði að sjá fyrir þessum stóra barnaskara miðað við gengi krónunnar í dag. Það kostar 2500 krónur á mánuði að sjá barni fyrir skólagöngu með skólamáltíðum, bókum og öðru tilheyrandi skólanum. Dvelji barnið á barnaheimili ABC eða heima vist með fullri framfærslu verði kostnaðurinn 3900 kr./mánuði.

## Íbúasamtök í 111

Nú er unnið að því að stofna íbúasamtökin 111 Reykjavík. Að því stendur hópur fólks í hverfinu og er hugsunin að baki því sú að efla hverfið enn frekar.

Miðað er að því að um kröftugt félag verði að ræða og góð viðbót við og styrkur fyrir önnur samtök sem hafa bættan hag

Breiðhylltinga á stefnu sinni. Meginástæða þess að þetta félag var stofnað er að aðaláherslan á að vera á 111 Reykjavík og fá íbúa til þess að koma að því verkefni með beinum hætti. Íbúasamtökin 111 Reykjavík hafa þegar opnað síðu á Facebook og nú er hægt er að linka sig við síðuna.

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)

**SPELT FLATKÖKUR**  
Alveg ferköntuð nýjung frá Ömmubakstri

[www.ommubakstur.is](http://www.ommubakstur.is)

Vá!  
ÍS  
á 100kr  
í allt sumar  
frábært

**spíran.**

Spíran er nýr fjölskylduvænn bistro staður á efri hæð Garðheima.

Í Spírinni verða í boði léttir hollir réttir í hádeginu ásamt kaffi, ís og heimagerðu bakkelsi.

Lögd verður áhersla á nýtt og ferskt grænmeti ræktað á staðnum og beint frá bónda.

Verið velkomin í Spírana í Garðheimum!

## Íbúar tilnefni umhverfisviðurkenningar

Ákveðið hefur verið að lýsa eftir tilnefningum um umhverfisviðurkenningar í Breiðholti að þessu sinni.

Hverfisráðs Breiðholts hefur samþykkt að hafa þrjá flokka til viðmiðunar fyrir viðurkenningar 2010; það er flokk einbýlishúsa,

flokk fyrir fjölbýlishús og í þriðja lagi stofnana- og fyrirtækjaflokk.

Stefnt er að því að veita viðurkenningarnar í september og eru íbúar í Breiðholti hvattir til að senda inn tilnefningar á [breidholt@reykjavik.is](mailto:breidholt@reykjavik.is) eða í pósti á Þjónustumiðstöð Breið-

holts, Álfabakka 12, 109 Reykjavík merkt hverfisráð Breiðholt v/umhverfisviðurkenninga 2010. Við valið verður meðal annars horft til þess að húsnæðið sé bæði snyrtilegt og vel við haldið og umhverfið fagurt.

## Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Elsa Hrafnhildur Yeoman, borgarfulltrúi rifjar æskuárin í Breiðholtinu upp að þessu sinni. Hún er dóttir Margrétar S. Marinósdóttir og Róberts. C. Yeoman. Hún er gift dr. Karli Ægi Karlssyni og eiga þau saman börnin Karl Kolbein Karlsson 17 ára og Nönnu Karlsdóttur 10 ára. Elsa var í fjórða sæti Besta flokksins fyrir síðustu borgarastjórnarkosningar og á sæti í borgarráði og í hverfisráði Breiðholts.

# Nú er að henda sér í djúpu laugina

Ég var um tveggja ára þegar foreldrar mínir fluttu í Rjúpufellið og ég átti heima í Breiðholtinu þar til að ég flutti formlega að heiman á átjándá árinu. Árin mín í Fellunum spanna því meira en einn og hálfan áratug. Þau eru um margt eftirminnileg.

Við vorum fjögurra manna fjölskylda sem flutti inn í litla íbúð. Fjölskyldan var líka óvenjuleg á þeim tíma að faðir minn var nýbúi. Hann flutti hingað frá Bandaríkjunum en á ættir að rekja til Balkanskaga. Ýmsar heimilisvenjur áttu því rætur úr balkönskum uppruna hans einkum matargerðin sem ég heillaðist af.

### Fellahellir var æði

Ég gekk að sjálfsögðu í Fella-skóla sem var örugglega skemmtilegasti skóli landsins. Líklega sá fjölmennasti á þeim tíma og Fellahellir var algjört æði. Ég var þar mikið á kvöldin. Ég var byrjuð í dansi og var ein af svörtu ekkjunum. Við urðum m.a. Íslandsmeistarar í Freestyle í Tónabæ. Svo lentum við stelpurnar í ekkjuhópnum beint inn í Sumargleðina sumarið eftir og fórum um landið með þeim. Við vorum 13 og 14 ára gamlar og það þætti eflaust ekki gott til afsparnar í dag að stelpur á þessum aldri væru að þvælast sem svona skemmtanagengi allt sumarið. En þarna voru heiðursmenn á borð við Ragga Bjarna og Ómar Ragnarsson sem hefðu aldrei látið neitt misjafnt henda okkur. Eftir sumarið fórum við beint inn á Broadway með þeim og við héldum áfram um veturinn.

### Seldi myndir eftir sjálfa mig fyrir vasapeninga

Ég byrjaði snemma að vinna. Fyrsta vinnan mín var að selja DV niðri í bæ og svo tók unglingsvinnan við á sumrin ásamt því að túra með sumargleðinni. Ég hef alltaf haft gaman af því að selja. Ég fékk það úr föðurættinni. Ég fór snemma að ganga í hús og selja. Sundum kom maður frá Garðyrkjufélaginu í Fellin og fékk okkur krakkana til þess að selja fyrir sig. Faðir minn var hugmyndarík

ur. Hann starfaði hjá Ísal en fékkst við margt fleira. Hann málaði og teiknaði og seldi myndir. Ég hef líka erfitt þann áhuga frá honum því ég hef afskaplega gaman af því að teikna og mála. Ég fór líka að gera myndir og fór svo með þær í stígagangana og bauð þær til sölu. Svona til að fá smá vasapeninga. Fólkið í kringum okkur var að byggja eða koma sér upp húsnæði og var alltaf að vinna. Maður fékk að ala sig talsvert upp sjálfur. Maður smurði ofan í sig og útbjó það sem þurfti. Við áttum ekki bíl og vorum því ekki keyrð. Ég tók til dæmis alltaf strætó niður í Tómbabæ og fór minna ferða sjálf. Ég held að svona uppeldi þætti ekki gott í dag en þegar ég er að hugsa til baka þá sé ég að þetta hefur haft góð áhrif. Þetta þroskaði mann.

### Stelpan að vinna við trésmiðar

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á að búa eitthvað til og þegar Fellaskóla lauk langaði mig til þess að læra húsgagnasmíði. Mig langaði til að fara í FB en þar var bara húsasmíðabraut en engin húsgagnasmíði kennt. Systir mín var þá flutt til Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna. Ég fór því þangað til þess að ætla að læra húsgagnasmíði. En það var ekki alveg að gera sig. Að taka sig upp á þeim aldri. Fara frá öllum vinum og kunningjum í algerlega annað umhverfi þótt hluti af fjölskyldunni væri þar hentaði mér ekki. Eftir smá stöpp þar fór ég að læra húsgagnasmíði í Iðnskólanum í Reykjavík. Ég lauk náminu og fór svo að vinna á trésmiðaverkstæði í Þorlákshöfn um tíma og einnig hér í bænum. Fólki fannst þetta svakalegt. Stelpan að vinna við trésmiðar. Óvenjulegt en dálítið magnað. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tréverki. Ég held að ég hafi fengið hann frá afa mínum sem bjó á Bárugötunni. Hann var skósmiður og ættaður úr Bolungarvík. Fyrr á árum ferðaðist hann um landið og gerði við skó. Var svona farandskósmiður. En svo settist hann að í Reykjavík og fór að vinna hjá Slippfélaginu. En var alltaf með skósmiðaverkstæði hjá sér í kjallaranum. Kjallarinn hans afa á Bárugötunni var heimur út



Með Sumargleðinni. Elsa Hrafnhildur er önnur frá hægri.

af fyrir sig. Þar var fullt af gömlum skólíkönnum og tækjum til skógerðar. Kjallarinn var heilt safn og þar undi ég mér oft.

### Amma eldaði ofani maffósa

Ég sagði þó ekki skilið við Bandaríkin út af þessu enda rætur mínar að hálfu leyti í New Jersey. Föðurafi minn og amma bjuggu þar og ég fór oft til þeirra á sumrin. Þetta var óvenjulegt því krakkar voru yfirleitt ekki að fara neitt á sumrin og alls ekki til útlanda. Utanlandsferðir voru ekki orðnar eins algengar þá og síðar en þar kynntist ég þriðju hliðinni á mannlífinu. Amma vann sem matreiðslumaður hjá moldríki fjölskyldu sem tengdist Mafíunni. Þau voru með fullt af starfsfólki á heimilinu og amma var kokkurinn. Ég er því líka alin upp á mafíósaheimili. Ég hafði allt það nýja sem Fellin höfðu upp. Svo gat ég farið í hinar öfgarnar - þetta gamla og sögulega hjá afa og ömmu á Bárugötunni og svo bættist þessi framandlegi heimur vestanhafs við. Amma í New Jersey var mjög flínkur kokkur enda ekki verið í vinnu hjá þessu fólki ef hún hefði verið eitthvað annað. Faðir minn var líka mikill áhugamaður um matargerð. Þau höfðu þetta í blóðinu á Balkanskaga þar sem matargerð er með nokkuð öðrum hætti en Íslendingar höfðu átt að venjast á þeim tíma. Pabbi vildi líka búa réttina hennar ömmu til. Bæði þessa bölkönsku og aðra. Við vorum því með allt aðra matargerð en nágrannarnir. Við vorum að sjóða bein og annað eins og gert hafði verið í gömlu Júgóslavíu. Þetta virkaði afskaplega framandi á nágrannanna og stundum lagði torkennilega lykt frá íbúðinni okkar. Nei - það var ekki soðin ýsa hjá okkur í Rjúpufellinu en pabbi fór oft niður á bryggju til að fá fisk. Við borðuðum mikið af shusi. Ég held að nágrönnunum hafi þótt við vera fenómen að þessu leyti. Við áttum allt öðruvísi. En svo hafði ég fjölbreytnina. Hefðbundna soðningu og pönnsur með sykri á Bárugötunni. Þetta voru þrjár afar ólíkir


heimar. Fellin í Breiðholti, Bárugatan í Vesturbænum og New Jersey.

### Rak pizzastað 15 ára

Og svo fórum við að skapa okkur atvinnu með matargerðaráhugunum. Ég var 15 ára þegar pabbi opnaði pizzastað í bílskúr á Njálsgötunni. Svo var hann á Laugavegi 28. Hét Mariospizza. Ég var með honum í þessu og fékk m.a. það verkefni að opna viðskiptareikninga fyrir fyrirtækið. Ég krakkin fór til fyrirtækja sem við þurftum að versla við og opnaði reikninga. En svo fór þetta á hausinn. Viðskiptin væru ekki næg til að standa undir þessu. Fólk fór minna út að borða en síðar varð og pizzan var ekki orðin sá þjóðarréttur Íslendinga sem hún varð síðar. Ef ég ætti að draga söguna saman í nokkrar línur þá gæti hún orðið eitthvað á þessa leið. Ég er Fellakrakki sem hefur dansað með Svörtu Ekkjunum og Sumargleðinni, dansað í búrum á Broadway, leikið í Næturgalanum, opnað pizzastað aðeins 15 ára að aldri, er nýbúadóttir úr Breiðholtinu, en gerðist um tíma nýbúi sjálf í Iowa. Ég hef unnið í byggingargeiranum,



Föðurafi minn og amma bjuggu í New Jersey og ég fór oft til þeirra á sumrin. Þetta var óvenjulegt því krakkar voru yfirleitt ekki að fara neitt á sumrin og alls ekki til útlanda.



Elsa Hrafnhildur við gömlu höfnina í Reykjavík.

elska allt gamalt, er með skotrétindi, er doktorsfrú en það er ekki jafnvirðulegt og það hljómar. Mér finnst skemmtilegra að elda fyrir menn en konur, nenni aldrei að greiða mér og hef oft rakað af mér hárið. Ég er húsgagnasmíður og tækniteknari og nú borgarfulltrúi.

### Verkefni í 111

Ég hef miklar taugar til Breiðholtsins. Ég er að vinna mikið þar þessa dagana en ég hef ekki farið svo mikið þangað frá því að ég flutti að heiman. Breiðholtið er engu að síður hverfið mitt. Ég ólst þar upp og fylgdist með því vaxa og þroskast. Núna sit ég í hverfisráðinu á vegum Reykjavíkurborgar og er að stýra átaksverkefni á vegum borgarinnar sem beinist að hverfi 111. Ég hef verið að fara um og skoða breytingarnar og huga eftir því hvað þurfi að gera. Ég labbaði alla "lönguvitleysuna" um daginn. Umhverfið þar sem maður gekk um og hékk í gamla daga. Verkefnið sem ég er að stýra felst í því að leggja fram allskonar hugmyndir um hvað hægt sé að gera í 111 eða í Fellunum. Við ákváðum að byrja þar þegar ákveðið var að hefja sókn í Breiðholtinu vegna þess að þetta umhverfi þarf mest á breyttri ímynd að halda. Þetta verkefni er rétt að fara af stað en við ætlum að fá fullt af fólki í lið með okkur. Við höfum þegar fundið fyrir miklum áhuga. Margt gott fólk hefur komið úr Fellunum og spjarað sig eins og aðrir. Nú er hásumar og fólk í leyfum en fljótlega munum við ná öllu þessu fólki saman og vinnan fer þá af stað af fullum þunga. Mér finnst sérstaklega gaman að hafa fengið tækifæri til þess að vinna fyrir gamla hverfið mitt - þaðan sem ég á svo margar minningar. Ég held líka að þetta lífshlaup mitt sem kannski er ekki alveg hefðbundið sé góður bakgrunnur fyrir það sem ég er að gera núna. Nú er bara að henda sér í djúpu laugina.



Elsa í Fellahelli á unglingsárunum. "Fellahellir var æði," segir hún.



Eins og sjá má á myndunum var frábær stemning í Esjuferðinni.

# Annasamt í Hundraðogellefu og Hólmasefi

Sumarið hefur verið annasamt hjá þeim unglingum sem stundað hafa vinnu í félagsmiðstöðvunum Hundraðogellefu og Hólmasefi á síðustu misserum. Krakkarnir vinna í þrjá og hálfan tíma á dag og á þeim tíma hafa þau tekist á við mörg og mismunandi verkefni. Í sumar hefur verið starfrækt kaffihús einu sinni í viku í Miðbergi við frábærar undirtektir gesta og gangandi. Þar hafa unglingarnir séð um allt frá skipulagningu matseðils til matseldar og uppvaskis.

Hópurinn lagði land undir fót nú á dögnum og skellti sér í göngu upp á Esjuna. Voru unglingarnir spenntir fyrir þeirri göngu og skemmtu þeir sér hið besta. Jafningjafræðslan kom í heimsókn til okkar í byrjun júlí, en það er hópur á vegum Hins Hússins sem sér um fræðslu fyrir unglinga um ýmiss málfræðingarnir höfðu af þessari heimsókn bæði gagn og gaman. Hópurinn hefur verið duglegur við að vinna hin ýmsu störf í kringum félagsmiðstöðina, bæði við þríf, málningarstörf og snyrtingu beða. Þó svo að flest verkefni hafi verið innt af hendi með bros á vör verður það að viðurkennast að Esjuganga og Jafningjafræðsla leggst betur í mannskapinn en þríf.

Frá og með miðvikudeginum 14. júlí verður lokað í félagsmiðstöðvunum, þ.e.a.s. ekki verður áfram opið á mánudags og miðvikudagskvöldum og þriðju- og fimmtudögum eins og verið hefur í sumar. En það er óþarfi að örvænta, opnað verður aftur í lok ágúst og þá af fullum krafti.



**Opið föstud.-laugard. til kl. 21 mán.-fimmtud. til kl. 19 sunnud. til kl. 18**

**Kransar og blómaskreytingar**  
**HAGSTÆTT VERÐ**

**Mikið úrval afskorinna blóma. Falleg íslensk gjafavara.**



**Frí heimsending eftir kl. 19 virka daga og allar helgar.**

**Blóm er List**  
Sími 564 1199  
Núpalind 1 - 201 Kóp.



**Margar tegundir af handgerðum kortum og kertaskreytingum.**



**Vorum að taka upp nýjar vörur.**

**Kjólar, töscur, hattar, gallabuxur, leggings ofl.**



SÚPER SÓL / NOON HÁRSTOFA

Hólmasefi 2, 109 Reykjavík  
S. 567 2077 - 587 0077

Max1 er 10 ára

**Afmælistilboð**  
Fáðu 20% afslátt af bremsuviðgerðum, varahlutum og vinnu, í dag!

Bremsþjónusta

**Sparaðu, láttu athuga bremsurnar hjá Max1**

**Höldum saman uppá 10 ára afmæli Max1**

Skipti á bremsuklossum að framan - verðdæmi:

**Toyota Yaris 1,3i árg. '02-'09**  
Varahlutir og vinna: 14.498 kr. (fullt verð)  
Afmælistilboð: 11.598 kr.

**VW Golf V Plus 1,4i árg. '05-'09**  
Varahlutir og vinna: 17.459 kr. (fullt verð)  
Afmælistilboð: 13.967 kr.

**Ford Focus 1,6i árg. '99-'04**  
Varahlutir og vinna: 17.406 kr. (fullt verð)  
Afmælistilboð: 13.925 kr.

Tilboð gildir til 31.08.2010  
Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

Engar tímapantanir - komdu bara!

Spurðu um hvað við getum gert meira fyrir þig og öryggi þitt. Komdu á Max1 í dag.

**Nýttu þér betri þjónustu á Max1**

- Max1 Smurþjónusta
- Max1 Hjólbarðþjónusta
- Max1 Demparþjónusta
- Max1 Rafgeymþjónusta
- Max1 Bremsþjónusta
- Max1 Peruskípti
- Max1 Rúðuvökvaþjónusta
- Max1 Þurrkublaðþjónusta
- Max1 Þrífþjónusta

Reykjavík: Bíldshöfði 5a og 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.  
Hafnarfjörður: Dalshraun 5, sími 515 7190.  
Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

**MAX1**  
BÍLAVAKTIN

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: [www.max1.is](http://www.max1.is)

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími:  
**511 1188 & 895 8298**  
[borgarblod.is](http://borgarblod.is)

# Besti flokkurinn, vonbrigði?

Nú að loknum sveitarstjórnarkosningum er búið að mynda meirihluta og minnihluta víða á landinu og sumstaðar ætla flokkar/fólk að vinna saman. Í Reykjavík hefur verið myndaður meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar en eins og allir vita var Besti flokkurinn sigurvegari kosninganna í Reykjavík en Samfylkingin tapaði miklu fylgi. Í aðdraganda kosninganna var mikið talað um samvinnu og samstarf og sennilega var sú umræða hæst hér í Reykjavík og þá sérstaklega hjá Besta flokknum og Jóni Gnarr sem sagði m.a. í sjónvarpsviðtali "hvað er meirihluti og hvað er minnihluti geta ekki allir unnið saman".



Guðrún Theódórsdóttir.

Samfylkingarinnar, aðeins að litlu leiti hjá Besta flokknum. Má þetta hlutfall furðu sæta þar sem innan við fimmtungur kjósenda í Reykjavík styðja Samfylkinguna.

## Krafa íbúa var samvinna og samstarf

Ljóst var löngu fyrir kosningar að íbúum í Reykjavík líkaði mjög vel vinnubrögð Hönnu Birnu Kristjánsdóttur um samstarf og samvinnu í borginni og naut hún þess í þeim skoðanakönnunum sem birtust. Hún lýsti sig reiðubúna að fara nýjar leiðir við stjórn borgarinnar, þannig að tryggt væri að starfið endurspegladi sem best fylgi hvers framboðs og samstjórn allra flokka væri rétta leiðin og sú langfarsælasta fyrir borgaríbúa. Ákvörðun Besta flokksins að hlaupa beint í fang Samfylkingarinnar kom í veg fyrir að hægt væri að stíga þetta heilaskref.

Hvers eigum við kjósendur í Reykjavík að gjalda?

Guðrún Theódórsdóttir kjósendi í Reykjavík.

# Færðu fyrstu bekkningum reiðhjólahljalma

Félagar úr kiwanisklúbbum Elliða komu færandi hendi í Breiðholtsskóla einn góðvörðisdaginn fyrir skólaslitin í júní og færðu öllum börnum í 1. bekk reiðhjólahljalma.

Um er að ræða árlegt átak Kiwanishreyfingarinnar og Eim-

skips. Kiwanisfélagar fara í alla grunnskóla á landinu og afhenda börnunum hjálma og ræða við þau um umferðaröryggi og notkun hjálmana. Að auki fá börnin fræðslufni um rétta stillingu og notkun hjálma til að taka með sér heim.

# Kynna veggjalist á landsbyggðinni

Hópur ungra veggjalistamanna í Fjölbraut í Breiðholti fékk milljón í styrk frá Ungu fólki í Evrópu UFE til að kynna landsbyggðinni veggjalist. Hópurinn lagði upp hringferð um landið nú um miðjan júlí og hófst ferðin í Borgarnesi.

Veggjalist og veggjakrot er ekki það sama og er verkefnið til að vinna gegn fordómum á veggjalist segja ungmennin í hópnum. Þau hafa sent öllum borgarfulltrúum nýju borgarstjórnarinnar bréf til að kynna þeim málstað veggjalistarinnar.

# Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)



# TIL UMHUGSUNAR

Eftir Ragnhildi Ásgeirsdóttur djákna

## Þurfum að byggja hvert annað upp

Lítil telpa horfði í augu mín, brosti og spurði: „Ertu glöð?”

Ég svaraði „já, ég er það, hvers vegna ertu að spyrja að því? Það stóð ekki á svarinu: „Ég sá það í augunum þínum”.

Stundum er sagt að augun séu spegill sálarinnar og ég held að það sé rétt. Það er hægt að fela á margan hátt innri vanlíðan með glettni, hlátri eða leikrænum tilbrigðum en augun geta komið upp um innri líðan, hvort sem hún er góð eða slæm.

Ég trúir því að hvernig sem mér líður, þegar kringumstæður eru erfiðar og ég stend frammi fyrir því að vita ekki hvernig ég á að takast á við hlutina að Guð hafi gefið mér gleði innra með mér. Þessi innri gleði gefur mér frið og von í öllum aðstæðum þrátt fyrir að stundum virðist engin von vera í auglýsni. Þessi innri gleði er eins og sólin sem brýst fram úr dökkum skýjum, gefur birtu og hlýju inn í hvert myrkur sem fyr-

ir er. Ég geymi þessa gleði innra með mér og reyni að finna hana á hverjum degi, í öllu því sem mætir mér.

Það er margt fólk í samfélagi okkar sem hefur miklar áhyggjur, fólk sem þráir gleði inn í líf sitt, að eitthvað jákvætt gerist, eitthvað sem getur framkallað hvatningu og uppörvun á erfiðum tímum. Það er erfitt þegar okkur líður svona en við verðum að reyna að kalla fram innri gleðina, gleðina sem Guð gefur okkur og við eigum innra með okkur. Í þessari gleði er nefnilega orka, orka sem hjálpar okkur að mæta lífinu í allri sinni mynd, orka sem gefur kraft og þrek til að takast á við erfiða hluti og orka sem felur í sér andlegan styrk og gefur okkur líf í fullri gnægd.

Ég heyri setningar sem lýsa reiði, biturð og vanmáttarkennd og ég finn að margt fólk er við það að gefast upp. Þess vegna finnst mér svo mikilvægt að við leitum inn á við, finnum gleðina. Við

þurfum hvert á öðru að halda og við þurfum að byggja hvert annað upp. Við sem erum Íslendingar erum sterk þjóð sem hefur komist í gegnum erfiðleika og staðist miklar þrautir. Við þurfum að sýna samstöðu, styrkja hvert annað og hlúa að þeim sem í kringum okkur eru. Það getum við gert með því að sækja þessa innri gleði og nýta hana til að vera hvatning fyrir okkur sjálf og um leið fyrir aðra. Brosu til annarra, einbeitu okkur að því að vera almennileg við náungann, hrósum hvert öðru og byggjum okkur upp sem þjóð sem þykir vænt hvert um annað og landið okkar.

Þegar lítil telpa snýr sér að mér og spyr: Ertu glöð? Þá óska ég þess og bið að hvernig sem kringumstæðurnar eru hjá mér, þá mættu augu mín lýsa frá sér innri gleði og að litla telpnan mætti sjá að þrátt fyrir áhyggjur og kvíða get ég verið glöð, því ég á Guð innra með mér.

# Hólapúkinn í Hólagarði um verslunarmannahelgina

Búálfurinn í Hólagarði stendur fyrir innihátið um verslunarmannahelgina sem dregur nafn af hólunum og kallast Hólapúki. Búálfurinn efndi til viðlíka verslunarmannahelgarhátíðar á síðasta ári og tókst svo vel til að nú ætla veitingamenn staðarins að endurtaka þennan viðburð.

Það fara ekki allir úr bænnum um þessa helgi þótt mikil ferðalög einkenni hana ætíð. Því vilja Búálfsmenn mæta og

Hólapúkinn verður haldinn á föstudags- og laugardagskvöldi um fyrrgreinda helgi. Boðið verður upp á grillmáltíðir í til efni verslunarmannahelgarinnar enda um einn af hápunktum grilltímans að ræða. Lífandi tónlist verður á staðnum þar sem Rúnar Þór og félagar leika bæði kvöldin. Vegna takmarkaðs húsrýmis er mælt til þess að þeir sem ætla að njóta Hólapúkans að þessu sinni láti vita af sér, panti borð eða skrái sig til þátttöku í gleðskapnum.



# Íslenskir hanaungar og pestó að hætti Diddú

Grænmetis og hollustumarkaðurinn að Mosskógum í Mosfellsdal stendur orðið á gömlum merg enda allt umhverfið skemmtilegt og gaman fyrir fjölskylduna að skreppa þangað á laugardögum, fá sér kaffi með súkkulaðköku, og kaupa vistvænt-ræktað nýupptekið grænmeti og hollustuvörur.

Þegar við skruppum á markaðinn að Mosskógum þá var þar margt um manninn og vöruúrvalið með ólíkindum. Auk hins fjölbreytta úrvals af grænmeti var á boðstólum nýveiddur og reyktur Þingvallasilungur, íslenskar handþrjónavörur, rósir, hollustuvörur úr íslenski náttúru, kryddjurtir, aðalbláberjasulta og Diddú bauð fólk að kaupa sitt heimsfræga heimalagaða pestó. Til að toppa vöruúrvalið þá voru einnig til sölu tveir myndarlegir



Það er alltaf líf og fjör á útmarkaðnum að Mosskógum í Mosfellsdal.

hanaungar af íslenska kyninu. Markaðurinn, sem opinn er alla laugardaga frá 11 til 16, hófst að

þessu sinni fyrstu vikuna í júlí og stendur fram á haust, eða þar til uppskerutímanum lýkur.

Getraunnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

# Leiknismenn í toppbaráttunni

Leiknir Reykjavík er í bullandi toppbaráttu í 1. deild karla. Leiknir er sem stendur með 22 stig þegar mót er hálfnað.

Víkingur og Þór deila toppsætinu með Leiknismönnum. Þessi staða Leiknismanna er þeim heldur ókunn, þar sem þeir hafa verið um miðja deild síðastliðin ár. Liðið er nánast eingöngu skipað uppöldum leikmönnum, og til dæmis má nefna leikinn gegn Þrótti þar sem 10 af 11 byrjunarliðsmönnum voru uppaldir hjá félaginu.



Samstaða og toppbarátta hjá Leikni.

# Leiknisfólk á Gothia Cup

Hátt í 90 einstaklingar frá Leikni eru nú staddir á Gothia Cup.

Mikið fjór er á mótinu sem er

eitt af því stærsta sem haldið er í heiminum. Leiknir sendi sex lið til keppni í ár bæði í karla og kvennaflokki, en fimm lið

eru skipað strákum en eitt lið er skipað stúlkum. Leiknisliðið kemur heim sunnudaginn 25. júlí.

# Knattspyrnuskóli Leiknis blómstrar

Hinn sívinsæli knattspyrnuskóli Leiknis hefur farið gríðarlega vel af stað.

Á fyrsta námskeiði voru hátt í 70 krakkar, á því öðru voru 40 krakkar. Þriðja námskeiðið fór líka vel af stað en þá mættu 35 krakkar. Margt hefur verið brallað á námskeiðinu eins og heimsmeistarkeppni, tæknikeppni, pizzuveisla, meistaraflokksleikmenn hafi kíkt í heimsókn og síðan má ekki gleyma hinni sívinsælu sundferð. Seinasta námskeiðið mun hefjast 9. ágúst og stendur yfir í tvær vikur.



Hressir knattspyrnustrákar bregða á leik að lokinni æfingu.

**ÍR- og Leiknisvörur í úrvali**

**Mikið úrval af sumarleikföngum.**

**Barna HM-sett kr. 3.995.-  
Barnafótboltaskór kr. 6.990.-**


**Leiksport**  
Sími 5575020 **Hólagarði**

**Útsalan í fullum gangi!**

**Verið velkomnar!**

**Fröken Júlía**

Mjódd - S. 557 5900



## ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPÍÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni  
www.minjasafnreykjavikur.is



**ÁRBÆJARSAFN**

Kistuhyll • 110 Reykjavík • Sími 411 6300  
www.minjasafnreykjavikur.is



Arnór L. Pálsson  
frankvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfarastjóri



Frímenn Andrésón  
útfararþjónusta



Svafar Magnússon  
útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

*Þegar andlát ber að höndum*

*Önnumst alla þætti útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

# Ægiringar aldursflokkameistarar



Aldursmeistaramót Íslands í sundi AMÍ var haldið Helgina 24. til 27. júní. Það var að þessu sinni haldið í Hafnarfirði og tóku Ægiringar þátt með 43 sundmenn. Árangurinn þar var hreint frábær. Liðið var aldursflokkameistari árið 2010 og unnu þann titil með rúmlega 150 stigum mun en næst á eftir kom lið ÍRB.

Á mótinu setti Eygló Ósk Gústafsdóttir fjögur stúlknamet og eitt Íslandsmet og að sjálfsögðu voru þetta því allt ný Ægismet líka en það voru sett 15 ný Ægismet á þessu móti svo greinilegt er að krakkarnir eru á réttri leið. Á lokahófinu eftir mótið voru líka valdir stigahæstu einstaklingar úr hverjum aldurshóp og áttu Ægiringar þar þrjá fulltrúa. Það voru þau Eygló Ósk Gústafsdóttir í flokki 15 til 16 ára, Anton Sveinn Mckee í flokki 16 til 17 ára og Kristján Albert Kristinsson í flokki 12 ára og yngri. Eftir AMÍ var svo komið sumarfrí hjá flestum hópum, en nokkrir krakkar æfðu þó eitthvað lengur enda að taka þátt í mótum erlendis með unglíngalandslið-



Aldursflokkameistarar 2010

Ægir aldursflokkameistarar.

inu. Það fóru tveir Ægiringar á NÆM í byrjun júlí en það voru þau Rebekka Jaferian og Birkir Snær Helgason og stóðu þau sig vel voru að synda alveg við sitt besta. Síðan eru Eygló Ósk Gústafsdóttir og Anton Sveinn Mckee á EMU í Helsinki þegar þetta er skrifað og bæði búin að standa sig frábærlega þar. Nú þegar er Eygló búin að setja eitt Íslandsmet í 200 m baksundi en gamla metið átti systir hennar Jóhanna Gerða. Eygló setti svo stúlknamet í 400 m skriðsundi og Anton Sveinn byrjaði á því að jafna piltamet Arnar Arnars-

sonar í 400 m skriðsundi og setti svo tvö drengjamet í sama sundinu í gær þegar hann bætti piltamet með bæði í 800 m og 1500 m skriðsundi. Við óskum þeim svo bara áframhaldandi góðs gengis úti en mótinu líkur á sunnudag. Jakob Jóhann Sveinsson fer svo á EM 50 í sumar en hann var eini Íslendingurinn sem náði lágmarkum þangað. Við óskum svo bara öllum gleðilegs sumars en næsta sundár hefst svo af fullum krafti í byrjun ágúst.

RG.

# Lið ÍR geysisterkt á nýafstöðnu meistaramóti

Lið ÍR var sem fyrr geysisterkt á nýafstöðnu 84. Meistaramóti Íslands. Liðið hlaut 38.999 stig en liðið í 2. sæti hlaut 21.005 stig. Þetta er í þriðja sinn á fjórum árum sem ÍR sigrar. Konurnar sigruðu stigakeppnina með alls 24.360 stigum sem er 1.659 stigum meira en fyrir ári síðan. Karla-liðið var aðeins 375 stigum frá fyrsta sætinu en lið FH sigraði sem er stórt skref fram á við þrátt fyrir að lykilmanninn Einar Daða Lárússon hafi vantað í liðið. Í heildina unnust 15 gullverðlaun, 12 silfurverðlaun og 9 bronsverðlaun.



Kristín Birna Ólafsdóttir á hlaupabrautinni.

## Átta Íslandsmeistarar

Á fyrri degi urðu Íslandsmeistarar þær Kristín Birna Ólafsdóttir í 100 m grindahlaupi á 14,12 sek en hún hljóf reyndar á 13,96 sek í undanrásum sem er hennar næst besti tími, Hrafnhild Eir Hermósdóttir í 100 m hlaupi á 12,33 sek, sem er jöfnun á hennar besta árangri, Sandra Pétursdóttir í sleggjukasti með 51,15 m, Hulda Þorsteinsdóttir í stangarstökki með 3,32 m, Arna Stefánía Guðmundsdóttir í 400 m á 57,23 sek., Aníta Hinriksdóttir í 1500 m hlaupi á 4:53,58 mín og Hrafnhild, Kristín Birna og Arna Stefánía og Dóróthea Jóhannesdóttir í 4x100 m boðhlaupi. Í sleggjukastinu stóð María Ósk Felixdóttir sig mjög vel og varð í þriðja sæti með 48,10 m og var með í baráttu þeirra bestu allan tímann. Hekla Rún Ámundadóttir varð önnur í spjótkastinu með 35,93 m.

## Björn J. næstur gulli

Í karlaflokki unnust engin gullverðlaun á fyrri degi en margir náðu finum árangri. Næstur því að vinna gull var Björn J. Þórs-son sem átti frábært 100 m hlaup, varð annar á sínum langbesta tíma 11,12 sek. og varð aðeins einum hundraðasta á eftir landsliðsmanninum Magnúsi Valgeiri Gíslasyni úr Breiðablik. Ljóst að Björn er farinn að gera sig gildandi meðal bestu spretthlaupara landsins. Þorbergur Ingi Jónsson átti gott 1500 m hlaup og varð annar á ágætum tíma, 3:57,37 mín. Vigfús Dan Sigurðsson var öruggur með annað sætið í sleggjukasti, kastaði 49,04 m. Snorri Sigurðsson varð þriðji í 400 m hlaupi á 50,90 og sveit ÍR náði 2. sæti í 4x100 m boðhlaupi karla, Helgi Björnsson, Heimir Þórisson, Ívar Jasonarson og Börkur Smári Kristinsson.

## Tveir karlasigrar á öðrum degi

Á seinni degi vannst sigur í tveimur greinum í karlakeppninni. Það var Snorri Sigurðsson sem kom fyrstur í mark í 800 m á 1:56,82 mín og í 4 x 400 m boðhlaupi. Í stangarstökki átti ÍR fjóra keppendur í 5 efstu sætum, en

Börkur Smári Kristinsson varð 2. með 4,52 m sem er bæting hjá honum um 12 cm, Stefán Árni Hafsteinsson varð þriðji með 4,42 m sem er bæting utahúss. Pétur Guðmundsson varð 3. í kúluvarpi með 15,20 m sem er hans besta í tvö ár og hann varð einnig 3. í kringlukasti með 46,38 m sem er hans ársbesta. Þorbergur Ingi Jónsson varð 2. í 5000 m hlaupi á 15:11,22 mín sem er hans besti tími.

## Stelpurnar tóku fleiri titla

Hjá konunum unnust nokkrir titlar í viðbót. Það voru þær Kristín Birna Ólafsdóttir 400 m grindahlaup 59,00 sek, Arna Stefánía Guðmundsdóttir 800 m 2:22,49 mín, Hrafnhild Eir Hermósdóttir 200 m 25,04 sek, Aníta Hinriksdóttir 3000 m 10:45,79 mín og Ásdís Magnúsdóttir þristökk 11,85 m. Sveit ÍR, skipuð þeim Björgu Gunnarsdóttur, Kristínu Birnu Ólafsdóttur, Hrafnhild Eir Hermósdóttur og Örnú Stefáníu Guðmundsdóttur setti ÍR met í 4 x 400 m boðhlaupi og náði jafnframt þriðja besta tíma félagsliðs og aðeins 1,3 sek frá Íslandsmeti. Hreint frábær árangur. Aðrar sem náðu á verðlaunapall voru Kristín Lív Svabo Jónsdóttir 2. í hástökki með 1,62 m sem er hennar besti árangur utanhúss, Arna Stefánía Guðmundsdóttir sem varð 2. í þristökki með 11,18 m, Hekla Rún Ámundadóttir 3. sæti í þristökki með 10,63 m en Sigurlaug Helgadóttir kom fast á hæla henni með 10,62 m. Hrönn Guðmundsdóttir varð 2. í 3000 m á 11:31,75 mín og Gígja Gunnlaugsdóttir 3. í sömu grein með 11:38,73 mín. B sveit ÍR í 4 x 400 m boðhlaupi karla varð í 2. sæti og B-sveit kvenna varð í 3. sæti.

Öll úrslit má finna í mótaforritinu á heimasíðu Frjálsþróttasambands Íslands [www.fri.is](http://www.fri.is)

## Handknattleiks- og íþróttaskóli

Námskeið fyrir börn 6-10 ára (fædd 2000-2004)

Kl.09:00 til 16:00 virka daga í íþróttahúsi Austurbergs.



- Áhersla lögð á handbolta en farið verður í aðrar íþróttagreinar.
- Góðir gestir munu mæta og kenna á námskeiðinu.
- Sundferð á hverjum degi.
- Verðlaun veitt fyrir þátttöku.
- Pizzuveisla að námskeiði loknu.

Ekki verður hægt að bjóða uppá gæslu kl: 8:00-09:00 og 16:00 - 17:00

Yfirleiðbeinandi er Hanna Bára Kristinsdóttir handknattleikspjálari.

Námskeið 1:	3.-6.ágúst
Námskeið 2:	9.-13.ágúst
Námskeið 3:	16.-20.ágúst

Verð: 5.000 kr. hvert námskeið (4000 kr. fyrsta vikan).

Tilboð: 11.000 kr. fyrir 3 vikur!

## Handknattleiksnámskeið

Bjarna Fritz



Tveggja vikna námskeið fyrir ungmenni frá 11 ára aldri í íþróttahúsi Austurbergs

11-12 ára ('99, '98) kl.10:00-12:00

13-14 ára ('97, '96) kl.13:00-15:00

15 ára og eldri ('95+) kl.15:00-17:00

- Afreksmannahugsun verður í hávegum höfð.
- Hefðbundnar handboltaæfingar, hlaupatækni skoðuð, rétt mataræði kynnt og tekið á andlega þættinum.
- Góðir gestir munu mæta og kenna á námskeiðinu.
- Mót síðasta daginn og verða verðlaun veitt fyrir þátttöku.

Námskeið 3.-14.ágúst.  
Verð: 10.000 kr.

Skráning hjá ÍR í síma 587-7080 / 587-7090. Nánari upplýsingar á [www.ir.is](http://www.ir.is)

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

[borgarblod.is](http://borgarblod.is)

# „Erum fyrst og fremst að hugsa um að standa okkur vel í 1. deildinni“

- segir Guðlaugur Baldursson, þjálfari meistaraflokks karla hjá ÍR

ÍR-liðið í 1. deild karla í knattspyrnu hefur staðið sig vel það sem af er sumri og byrjaði mótið mjög vel, voru um tíma í öðru tveggja efstu sæta deildarinnar ásamt hinu Breiðholtsliðinu, Leikni. Liðið er nú í 5. sæti deildarinnar eftir jafntefli við Gróttu sl. föstudag. Í efstu þremur sætum eru Víkingur Reykjavík, Þór Akureyri og Leiknir. Guðlaugur Baldursson er þjálfari meistaraflokks ÍR, tók við liðinu árið 2008 en forveri hans í starfinu var Guðlaugur er með UEFA-A próf frá KSÍ sem er hæsta þjálfaragráða hér á landi. Guðlaugur tók við ÍR-liðinu þegar það spilaði í 2. deild og kom þeim þá um haustið upp í 1. deild svo þetta er annað árið í 1. deild.



Guðlaugur Baldursson fylgist með sínum mönnum í leik gegn Þrótti á ÍR-velli.

„Ég hef þjálfað yngri flokkanna hjá FH í allmörg ár, allt frá 2. flokki niður í 8. flokk og var þar einnig aðstoðarþjálfari í meistaraflokki. Ég fór síðan til Vestmannaeyja og þjálfaði meistaraflokk Eyjalíðsins en er eitt ár hjá FH sem yfirþjálfari áður en ég tók við sem þjálfari hjá ÍR. Ég var áður leikmaður með FH, lék á miðjunni, og var með þeim til ársins 2000 þegar liðið fór upp í úrvalsdeild, en spilaði einnig með ÍR árið 1993.“

- Sóttist þú eftir þessu þjálfara- starfi hjá ÍR eða var þér boðið þá?

„Þeir sóttust eftir mínum starfskröftum og við náðum samkomulagi um það. Sumaraðstaðan hjá ÍR er góð, góðir vellir en yfir vetrartímann fáum við aðstöðu í Egilshöll til æfinga og leikja en auðvitað getum við verið hér á gervigrasinu þegar til þess viðrar og það hentar, það er ágætt að venja þessa peyja við ýmis veður til knattspyrnuíðkunar. Það sem vantar hins vegar í félagsaðstöðunni er aðstaða til að stunda lyftingar, það væri mjög gott og heppilegt að vera með hana hér á sama stað í ÍR-heimilinu. Ég held alla veganna í vonina um að það gerist.“

- Hefur markmiðið verið nú síðustu tvö ár að koma liðinu upp í úrvalslíð karla og spila meðal þeirra bestu á Íslandi?

„Auðvitað er það markmiðið og kjarninn í þessum mannskap sem ég er með í ÍR-liðinu gæti alveg spilað í efstu deild. En við erum hins vegar ekki farnir að hugsa það langt, erum fyrst og fremst að hugsa um að standa okkur vel í 1. deildinni. Við byrjuðum sumarið mjög vel og vorum í efstu sætum

deildarinnar ásamt Leikni, hinu Breiðholtsliðinu en aðeins hefur dregið úr hagstæðum úrslitum að undanförunu. Við höfum verið að gera jafntefli í síðustu fjórum leikjum af fimm og erum með 20 stig og það gefur ekki mikið að fá aðeins eitt stig í deild sem er með þriggja stiga reglu fyrir sigurleik. Næsti leikur okkar er gegn Njarðvík á ÍR-velli 22. júlí nk. Við þurfum því að fara að spyrna við fótum og vinna leiki. Það var mjög gaman að standa sig vel í byrjun mótsins, en margir höfðu ekki ætlað okkur góðan árangur og mundum jafnvel ekki halda okkur í deildinni, og við viljum afsanna það að við séum með lakasta 1. deildarliðið með því að halda okkur í efri hluta deildarinnar allt til loka mótsins í haust.“

- Er mikill rígur milli ÍR og Leiknis í Breiðholti, er þetta spurning um hverjir eru „kóngarnir“ í Breiðholti?

„Já, já, ekki síst hjá þeim strákum sem eru uppaldir í þessum félögum. Þessir leikir milli félagsanna eru stærri í þeirra augum en flestir aðrir leikir sem þeir spila. Það er hins vegar mjög heilbrigður og góður rígur milli klubbanna og bara skemmtilegt þegar tekist er á þessar 90 mínútur inni á vellinum. Fyrri leikinn í deildinni gegn Leikni unnum við 2:1 hér á ÍR-vellinum. Leiknismenn vilja örugglega vinna sinn heimaleik gegn okkur þegar liðin mætast þar. Þetta er ekki ósvipaður rígur og milli FH og Hauka í Hafnarfirði og Þórs og KA á Akureyri.“

Guðlaugur segir að staðan í 1. deildinni sé mjög opin og deildin mjög jöfn en telur að eftir 3 til 4 umferðir muni staðan nokkuð skýrast. Hann telur Víking verða

nánast pottþétt á toppi deildarinnar ásamt Þór og svo séu Leiknismenn geysilega öflugir en telur ekki rétt að hann spái um gengi ÍR-inga. Í seinni umferðinni gæti eitthvað annað lið átt góða spretti og blandað sér í toppbaráttuna, eins og t.d. Fjölnir. Í bikarkeppninni lék ÍR fyrst við KFK úr Kópavogi og unnu þann leik en mættu síðan Fram á Laugadalsvelli og töpuðu 2:1.

## Gott unglingsstarf

„Það er mjög gott unglingsstarf í yngri flokkum ÍR og þar mjög góðir og metnaðarfullir þjálfarar sem eru að skila finu starfi. Það er mjög mikilvægt fyrir meistaraflokkinn að fá góða knattspyrnumenn upp úr yngri flokkum félagsins.“

Það koma hins vegar ekki nógu margir áhorfendur til að sjá leiki félagsins þrátt fyrir að það sé í mjög fjölmenni hverfi. Það þarf að mynda ákveðnari stemmningu til að fjölga áhorfendum, sækja fólk með einhverjum hætti, og þetta er hin ágætasta skemmtun en þegar við lékum við Leikni var yfir 600 manns á vellinum og þá skapaðist virkilega skemmtileg stemmning, góð Breiðholtsstemmning.

Ég held að Breiðablik fari nálægt því að halda dampi í úrvalsdeild karla og vinna hana en ég tel að FH verði aftur Íslandsmeistari, en kannski er það svolítið blandað óskhyggju! ÍBV er líka með stórkostlega skemmtilegt lið og margir sem ekki bjuggust við þeim svona sterkum. Þeir eiga marga heimaleiki eftir og ekki gott fyrir önnur lið að mæta þeim á Hásteinsvelli,” segir Guðlaugur Baldursson, þjálfari meistaraflokks karla hjá ÍR.



Frá leik ÍR gegn Þrótti 5. júlí sl. sem endaði 1:1.




Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Myndsími: 587 7081  
Tölvupóstur: hordur@irsida.is  
Heimasíða: ir.is

## Heimsmet í eigu ÍR-ings

Þó keila sé ekki vinsælasta íþrótt á Íslandi í dag eigum við Íslendingar samt sem áður eitt heimsmet í greininni.

ÍR-ingurinn Hafþór Harðarson á heimsmet í 3 leikjum í U-23 ára ungmenna í keilu sem hann setti á Heimsmestaramóti ungmenna í Orlando árið 2008 en þar skoraði hann 792. Það er vissulega gaman fyrir okkur Íslendinga að eiga keilara sem á ríkjandi heimsmet. Hreint út sagt frábær árangur hjá Hafþóri en Hafþór er með fremstu keiluspilurum Íslands í dag.



Hafþór Harðarson, heimsmetshafi í keilu.

## Sumarnámskeið ÍR



Frá sumarnámskeiði ÍR.

Í allt sumar hefur ÍR boðið upp á skemmtileg sumarnámskeið fyrir börn á öllum aldri. Þessi námskeið hafa heppnast frábærlega og mikil ánægja ríkt bæði meðal barna og foreldra. Ennþá er laust í nokkur námskeið en hægt er að fá frekari upplýsingar með því að fara inn á heimasíðu ÍR ([www.ir.is](http://www.ir.is)).

Í ágúst fer svo af stað hinn sívinsæli handknattleiks- og íþróttaskóli ÍR og sömuleiðis handknattleiksnámskeið Bjarna Fritz. Þetta er frábært tækifæri fyrir alla krakka sem hafa gaman af handbolta og íþróttum til þess að læra og fá þjálfun frá fagaðilum. Nánari upplýsingar um þetta má einnig finna inn á heimasíðu ÍR.



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109

Heimasíða ÍR er [www.ir.is](http://www.ir.is)



Beint flug allt að 160 sinnum í viku til 27 áfangastaða.

+ Bókaðu flug á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

# ÞEGAR VIÐ FERÐUMST LÆRUM VIÐ SVO MARGT

TIL DÆMIS AÐ MATURINN HENNAR MÖMMU  
ER EKKI ALLTAF BESTUR.

Eitt af því sem fullkomnar ferðalagið er að borða góðan mat. Og jafnvel þótt maturinn sé ekki góður þá er framandi málsverður á ókunnum stað hluti af lífsreynslunni sem maður öðlast á ferðalagi.

Og þegar heim er komið hefur heimurinn stækkað og er kannski aðeins skemmtilegri. En það er sama hvert við ferðumst, hversu langt, hvenær við komum til baka:

VIÐ ERUM FRÁ ÍSLANDI

ICELANDAIR

